



# Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudaginn 8. febrúar 2022



## Níundi fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, þriðjudaginn 8. febrúar 2022 kl. 12.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir og Páll Þórólfsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Jón Viðar Stefánsson og Reynir Stefánsson.

Fjarverandi: Engin

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
  - a. A landslið karla – EM í janúar  
RG og GBO fór yfir undirbúning liðsins fyrir EM í janúar og á mótinu sjálfu. Heilt yfir gekk mótið mjög vel er frá er talið ástand vegna Covid. Eins og komið hefur fram þá voru aðstæður á mótinu slæmar í upphafi varðandi sóttvarnir og smituðust alls 13 úr íslenska hópnum. Mótið var dýrt og kalla þurfti alls 7 manns til mót við hópinn og er ekki ljóst hver endanleg niðurstaða verður en beðið er eftir endanlegu uppgjöri frá EHF sem er væntanleg í lok febrúar. Næsta verkefni liðsins er æfingavika í mars sem verður tekin á Íslandi við æfingar og svo er umspil um laust sæti á HM í apríl við Austurríki eða Eistland en þau lið mætast í mars.
  - b. Ráðningarmál A landsliðs karla  
Samningur Guðmundar Guðmundssonar rennur út í sumar og þarf að huga að framhaldinu. GBO fær umboð stjórnar til að hefja viðræður við GG.
  - c. A landslið kvenna – Verkefnin framundan  
Framundan hjá A landsliði kvenna eru leikir við Tyrkland í undankeppni EM kvenna. Beiðni er frá landsliðsþjálfara kvenna um að búa til aukið svigrúm til æfinga á undan verkefninu en það er mjög erfitt vegna fjölda leikja í frestun vegna Covid.
  - d. Styrkir frá yfirvöldum vegna Covid  
GBO kynnti stöðu mála varðandi viðræður við yfirvöld vegna styrkja fyrir félög og sérsambönd vegna Covid. Vonir eru að það komi svör vegna þessa í næstu viku.
3. Undanþágubeiðni ÍBV varðandi U lið meistaraflokks  
ÍBV sendi inn beiðni um að fá áframhaldandi undanþágu um færslu leikmanna milli aðalliðs og U liðs. Undanþága var veitt í nóvember tímabundið til loka janúar. Það er mat stjórnar að ekki er forsenda fyrir áframhaldandi undanþágu.
4. Undanþágubeiðni Vals varðandi félagaskipti  
Beiðni barst frá Val um undanþágu frá félagaskiptaglugga fyrir einn ungan leikmann en vegna mannlegra mistaka láðist að sækja um félagaskipti fyrir hann. RG staðfesti á fundi hvernig málvöxtum er háttað. Það er mat stjórnar að veita undanþágu vegna persónulegrar velferðar leikmanns.
5. Deildarkeppni m.flokks kvenna  
Halda þarf áfram umræðu um deildarkeppni m.flokks kvenna á næsta formannafundi.
6. Formannafundur / ársþing  
Formannafundur verður haldinn eftir um það bil 2 vikur og verður ársþingið 30. apríl.



7. 100 ára afmæli handboltans

Vinna þarf áfram að þessu málefni og skólamóti í haust. RG vinnur að hugmynd fyrir næsta fund stjórnar.

8. Önnur mál

ILL kynnti samantekt á boltastærðum og miðað við það þá byrjar Ísland fyrst allra landa með stærð 2 hjá konum. Málinu verður fylgt eftir á næsta formannafundi.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari